

Náttúrufræði 2018-2019

3. bekkur

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í náttúrugreina. Á blaðsíðum 166-177 í 22. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um náttúrgreinar, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Kennsluhættir

Nemendur eru með tvo náttúrufræðitíma í stundatöflu á viku og kennari er Hanna Valdís Guðjónsdóttir. Náttúrufræðin verður samþætt öðrum námsgreinum s.s. íslensku, samfélagsfræði, stærðfræði og listgreinum. Kennt verður í lotum.

Í náttúrufræði eru kennsluhættir fjölbreyttir. Nemendur læra ýmis fræðileg hugtök náttúrufræðinnar, hugtökin eru svo þróuð og hugmyndir um lífið og efnisheiminn skoðuð.

Reynt er að efla færni nemenda í að taka tillit til annara, vera vakandi fyrir þörfum og líðan annara og huga að umhverfi sínu nær og fjær. Nemendur þurfa að afla gagna, mæla og meta það sem fengist er við auk þess að geta tjáð sig um reynslu sína og upplifun.

Niðurstöður verða settar fram á ýmsan hátt, hvort sem er munnlega, með leikrænni tjáningu, skriflega, með tölum og orðum, með aðstoð rafrænna miðla eða myndrænt. Skipulögð notkun tækja, nýting á náttúrufræðistofu, skólalóðinni og nærumhverfi skólans, þar sem sjónum nemenda er beint að samspili manns og náttúru. Viðfangsefni eru skoðuð í fjölbreyttu samhengi og í lífandi tengslum við samfélagið. Nemendur afla upplýsinga og vinna með þær til þess að efla læsi sitt í náttúrugreinum. Notast verður við margmiðlunarefni, gagnabanka, leitar- og samskiptavefi. Nemendur fá þjálfun í vinnubrögðum, námi í náttúrugreinum, við leit að skýringum og lausnum, við framkvæmd athugana og við mat á niðurstöðum. Nemendur framkvæma einfaldar athuganir og fá með því tækifæri til að upplifa og draga ályktanir af reynslu sinni.

Námsgögn

Hani, krummi, hundur, svín og í sveitinni með Æsu og Gauta ásamt Komdu og skoðaðu himingeiminn. Einnig verður stuðst við myndbönd, vefefni og ýmis ljósrituð verkefni.

Námsmat

Fylgst er með hvort nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem sett eru. Þjálfari með sér vönduð vinnubrögð, sýni tillitssemi við hvert annað í hópavinnu og umræðum. Auki sjálfstraust sitt og hafi frumkvæði. Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á

þeim verkefnum sem þeir hafa unnið. Nemendur safna saman verkefnum sínum í vinnubók sem einnig er metin.